

## REGLUGERÐ

### um beitingu dagsekta og févítis í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

#### I. KAFLI

##### Almennt.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um beitingu Fjármálaeftirlitsins á dagsektum og févítí gagnvart eftirlitsskyldum aðilum.

##### 2. gr.

##### *Ákvörðun um dagsektir eða févítí.*

Stjórn Fjármálaeftirlitsins leggur á dagsektir eða févítí með sérstakri ákvörðun.

Aðila sem ákvörðun um dagsektir eða févítí beinist að skal veittur sjö daga frestur til að koma að skriflegum andmælum áður en stjórn Fjármálaeftirlitsins tekur ákvörðun samkvæmt 1. mgr.

Ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins um dagsektir eða févítí skal kynnt aðila skriflega með sannanlegum hætti án ástæðulausra tafa.

##### 3. gr.

##### *Kæruheimild.*

Eftirlitsskyldum aðila er heimilt að kæra ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins um dagsektir eða févítí til kærunefndar samkvæmt lögum nr. 87/1998 innan sjö daga frá því honum var tilkynnt um hana.

##### 4. gr.

##### *Fjárhæð dagsekta og févítis.*

Dagsektir geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag og er heimilt að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri hins eftirlitsskylda aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika hins eftirlitsskylda aðila.

Févítí getur numið frá 10.000 kr. til 2 millj. kr. Við ákvörðun um fjárhæð févítis skal tekið tillit til alvarleika brots og fjárhagslegs styrks hins eftirlitsskylda aðila.

##### 5. gr.

##### *Innheimta dagsekta og févítis.*

Heimilt er að innheimta dagsektir og févítí þegar kærufrestur skv. 3. gr. er liðinn. Sé ákvörðun skotið til kærunefndar er ekki heimilt að innheimta févítí eða dagsektir fyrr en úrskurður hefur verið felldur. Dagsektir og févítí eru aðfararhæf.

Innheimt févítí og innheimtar dagsektir renna í rikissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að eftirlitsskyldur aðili verði síðar við kröfum Fjármálaeftirlitsins nema stjórn Fjármálaeftirlitsins ákveði það sérstaklega.

## II. KAFLI

**Reglubundin skil gagna.**

6. gr.

*Dagsektir vegna tafa á reglubundnum skilum.*

Heimilt er að leggja á dagsektir þegar eftirlitsskyldur aðili skilar ekki umbeðnum gögnum til Fjármálaeftirlitsins.

Umbeðin eru þau gögn sem eftirlitsskyldum aðila ber að skila til Fjármálaeftirlitsins innan tilskilins frests samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða samkvæmt ósk Fjármálaeftirlitsins um reglubundin skil gagna eftirlitsskyldra aðila.

7. gr.

*Gögnum skilað.*

Gögnum skv. 6. gr. telst skilað til Fjármálaeftirlitsins innan tilskilins frests ef fullnægjandi gögn hafa borist Fjármálaeftirlitinu á skiladegi.

Ef í ljós kemur við úrvinnslu gagna að innihald þeirra er ófullnægjandi leggur Fjármálaeftirlitið fyrir hinn eftirlitsskylda aðila að bæta þar úr án ástæðulausra tafa. Heimilt er að beita dagsektum sbr. 6. gr. ef stjórn Fjármálaeftirlitsins telur þörf á.

8. gr.

*Frestun skila.*

Þegar skila á gögnum á fyrirfram ákveðnum dögum, sbr. 6. gr., verður frestur til að skila þeim að jafnaði ekki framlengdur.

## III. KAFLI

**Skylda til að skila inn gögnum eftir sérstakri ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.**

9. gr.

*Fjármálaeftirlitið kallar eftir gögnum í sérstöku tilviki.*

Fjármálaeftirlitið getur lagt fyrir eftirlitsskyldan aðila að skila inn gögnum og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum á þann hátt sem það telur þörf á til að fylgjast með að starfsemi eftirlitsskylds aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Aðila skal veittur hæfilegur frestur til að skila inn gögnum skv. 1. mgr.

10. gr.

*Dagsektir vegna tafa á skilum umbeðinna gagna.*

Heimilt er að leggja á dagsektir þegar eftirlitsskyldur aðili fylgir ekki fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins skv. 9. gr.

## IV. KAFLI

**Kröfur Fjármálaeftirlitsins um úrbætur.**

11. gr.

*Krafa gerð um úrbætur.*

Ef í ljós kemur að eftirlitsskyldur aðili fylgir ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hans skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

Fjármálaeftirlitið skal gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur eftirlitsskylds aðila að öðru leyti óheilbrigðan og brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti, enda þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við og er jafnframt heimilt að krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

12. gr.

*Dagsektir og féviti vegna brota gegn ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.*

Stjórn Fjármálaeftirlitsins er heimilt að leggja féviti eða dagsektir á eftirlitsskyldan aðila sem sinnir ekki eða brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu. Til ákvarðana samkvæmt þessari grein teljast kröfur um úrbætur samkvæmt 11. gr.

13. gr.

*Úrbótum lokið.*

Úrbótum telst lokið þegar aðili skilar til Fjármálaeftirlitsins skriflegri greinargerð um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til fylgja eftir ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Um skiladag greinargerðar gilda reglur 7. gr.

Nú eru úrbætur ekki fullnægjandi og telst þeim þá ekki lokið innan frests sem gefin hefur verið samkvæmt 11. gr.

V. KAFLI

**Gildistaka.**

14. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. mgr. 11. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og öðlast hún þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 3. júlí 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Þorgeir Örlygsson.*